



Borgarráð

Reykjavík, 19. janúar 2026

MSS26010100

Viðauki við þjónustusamning um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf.

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi viðauka við þjónustusamning sem gildir út árið 2026 um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf. þar sem framlag Reykjavíkurborgar árið 2026 er 6.845.000 kr. sem er í samræmi við 50% eignarhlut borgarinnar í félaginu. Gert er ráð fyrir framlaginu í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026.

Greinargerð:

Ný stjórn Þjóðarleikvangs ehf. var skipuð í október 2024. Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar var að leggja fram fjárhagsáætlun til 5 ára. Sú áætlun er fyrst og fremst sá grunnur sem þarf til að standa undir stjórnun félagsins og almennri umsýslu. Í kjölfarið á því var gerður þjónustusamningur við eigendur til að tryggja fjármögnun félagsins fyrir árin 2024 og 2025 í samræmi við samþykkt áætlun. Til að tryggja fjármögnun út árið 2026 er lagt til að framlengja óbreyttum þjónustusamningi við eigendur með viðauka þar sem gildistími samningsins er framlengdur til 31. desember 2026, sbr. 6. gr. þjónustusamnings. Heildargreiðsla eigenda til Þjóðarleikvangs ehf. fyrir árið 2026 skal nema kr. 13.690.000. Eigendur standa undir kostnaði í samræmi við eignahlutföll í félaginu, sbr. 4. gr. þjónustusamnings. Hlutur Reykjavíkurborgar er kr. 6.845.000 sem er í samræmi við 50 % eignarhlut borgarinnar í félaginu. Áætlað er fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026 (kostnaðarstaður 09510).

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Viðauki við þjónustusamning um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf.

Þjónustusamningur um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf.



Reykjavík

Viðauki við þjónustusamning um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf.

Reykjavíkurborg kt. 5302697609, mennta- og barnamálaráðuneytið kt. 4602692969 og Knattspyrnusamband Íslands kt. 7001693679, (eigendur), og Þjóðarleikvangur ehf., kt. 6208190500, í (félagið), gera með sér svohljóðandi viðauka við þjónustusamning um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf. sem gerður var í febrúar 2025.

1. gr.

Með viðauka þessum er gildistími samningsins framlengdur til 31. desember 2026, sbr. 6. gr. þjónustusamnings.

Greiðsla til Þjóðarleikvangs ehf. fyrir árið 2026 skal nema kr. 13.690.000,-. Eigendur standa undir kostnaði í samræmi við eignahlutföll í félaginu, sbr. 4. gr. þjónustusamnings.

Framlagið skal greitt með eingreiðslu inn á bankareikning félagsins eigi síðar en 15. janúar 2026 nema KSÍ sem hefur heimild til skuldajöfnunar. Greiðsluupplýsingar félagsins eru eftirfarandi: 0133-26-200607, kt. 6208190500.

2. gr.

Viðauki þessi tekur gildi 1. janúar 2026. Þjónustusamningurinn skal að öðru leyti standa óbreyttur.

Samningsviðauki þessi er rafrænt undirritaður. Aðilar hafa kynnt sér efni hans og staðfesta með undirritun sinni rétt sinn til undirritunar fyrir hönd aðila.

f.h. Þjóðarleikvangs ehf.
Helga Friðriksdóttir, stjórnarformaður

f.h. Reykjavíkurborgar
Heiða Björg Hilmsdóttir, borgarstjóri

f.h. mennta- og barnamálaráðherra
Hafþór Einarsson skrifstofustjóri

f.h. Knattspyrnusambands Íslands
Þorvaldur Örlygsson, formaður

Fylgiskjal
Fjárhagsáætlun Þjóðarleikvangs ehf.

Þjóðarleikvangur ehf. - Fjárhagsáætlun 2026-2030, ásamt útkomuspá 2025							
Forsendur	Hækkun	2025	2026	2027	2028	2029	2030
	LV	1,062	1,044	1,04	1,04	1,041	1,041
	NV	1,035	1,027	1,025	1,025	1,025	1,025
Fimm ára áætlun 2025 - 2029	Grunnur	2025	2026	2027	2028	2029	2029
Tekjur - framlög eigendum	13.000.000	13.330.000	13.690.000	14.030.000	14.380.000	14.740.000	15.110.000
Laun stjórnar	6.180.000	6.560.000	6.850.000	7.120.000	7.400.000	7.700.000	8.020.000
Launat.gj.	1.290.000	1.370.000	1.430.000	1.490.000	1.550.000	1.610.000	1.680.000
Laun og launatengd gjöld	7.470.000	7.930.000	8.280.000	8.610.000	8.950.000	9.310.000	9.700.000
Annar rek. umsýsla FAS	2.100.000	2.170.000	2.230.000	2.290.000	2.350.000	2.410.000	2.470.000
Annar rekstarkostn.	1.500.000	1.550.000	1.590.000	1.630.000	1.670.000	1.710.000	1.750.000
Annar rekstrarkostnaður	3.600.000	3.720.000	3.820.000	3.920.000	4.020.000	4.120.000	4.220.000
Fjármagnsliðir	85.000	85.000	85.000	85.000	85.000	85.000	85.000
Hagnaður /tap	1.930.000	1.680.000	1.590.000	1.500.000	1.410.000	1.310.000	1.190.000
Framlög eigenda	Skipting	2025	2026	2027	2028	2029	2029
Reykjavíkurborg	50,0%	6.665.000	6.845.000	7.015.000	7.190.000	7.370.000	7.555.000
Ríkið	42,5%	5.665.250	5.818.250	5.962.750	6.111.500	6.264.500	6.421.750
KSÍ	7,5%	999.750	1.026.750	1.052.250	1.078.500	1.105.500	1.133.250
Samtals	100,0%	13.330.000	13.690.000	14.030.000	14.380.000	14.740.000	15.110.000
Afsetaminn			n	n	n	n	n

Þjónustusamningur

um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf.

Reykjavíkurborg kt. 5302697609, mennta- og barnamálaráðuneytið kt. 4602692969 og Knattspyrnusamband Íslands kt. 7001693679, í samningi þessum nefnt eigendur, og Þjóðarleikvangur ehf., kt. 6208190500, í samningi þessum nefnt félagið, gera með sér svohljóðandi þjónustusamning um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf.

1. Markmið

- 1.1 Samningur þessi gildir um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf. en félagið hefur það hlutverk að standa að undirbúningi og eftirfylgni með framtíðaruppbyggingu þjóðarleikvangs í Laugardal fyrir knattspyrnu. Í því felst að huga að heildarumgjörð nauðsynlegs íþróttamannvirkis og búnaði sem krafist er til þess að halda viðurkennda viðburði í alþjóðakeppnum í knattspyrnu í samræmi við reglugerð nr. 388/2018 um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum auk almennra krafna til mannvirkja skv. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.
- 1.2 Þátttaka Íslands í alþjóðlegum keppnum krefst þess að hér á landi sé íþróttamannvirki sem uppfylli kröfur alþjóðlegra íþróttasambanda til leikvanga. Laugardalsvöllur, sem hefur verið vettvangur glæsilegra íþróttafreka frá 1959, er sá leikvangur sem kemst næst því að uppfylla þessar alþjóðlegu kröfur. Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að þjóðarleikvangar í knattspyrnu verði byggður upp í áföngum á núverandi stað í Laugardal.

2. Forsendur samnings

- 2.1 Þjóðvarleikvangi ehf. var komið á fót árið 2019 til að starfa að undirbúningi byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal í stað Laugardalsvallar. Breytingar hafa átt sér stað á upphaflegum áformum sem fela það í sér að ekki stendur til að byggja nýjan leikvang heldur verður þess í stað leitast við að nýta núverandi íþróttamannvirki að því marki sem hægt er með nauðsynlegum endurbótum.
- 2.2 Af hálfu ríkisins er samningur þessi gerður á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Framlagið kemur frá málaflokki 18.4 - Íþrótt- og æskulýðsmál.
- 2.3 Af hálfu Reykjavíkurborgar er samningur þessi gerður á grundvelli samþykktar í borgarráði, dags. 16. janúar 2025.

3. Hlutverk og ábyrgð

- 3.1 Félagið skal annast eftirlit með styrktargreiðslum sem Reykjavíkurborg og mennta- og barnamálaráðuneytið hafa innt af hendi til KSÍ til að bæta vallaraðstöðu á Laugardalsvelli fyrir landsliðsverkefni Íslands þannig að völlurinn uppfylli alþjóðlegar kröfur. Félagið skal tryggja að styrknum sé eingöngu varið til verkefna sem varða bættu vallaraðstöðu á Laugardalsvelli sem felur í sér að skipta út núverandi grasi á vellinum fyrir svokallað hybrid gras og setja hitunarkerfi undir völlinn. Áætlað er að verklok vegna þessa áfanga eigi sér stað á fyrri hluta ársins 2025.
- 3.2 Félagið fær einnig það verkefni að undirbúa næstu áfanga vegna framtíðaruppbyggingar á Laugardalsvelli í samstarfi við KSÍ þannig að íþróttamannvirkið uppfylli alþjóðlegar kröfur og geti fengið viðurkenningu sem þjóðarleikvangur í samræmi við reglugerð nr. 388/2018.

3.3 Til að eigendur geti tekið ákvörðun um fjármögnun næstu áfanga þarf að liggja til grundvallar greining á uppbyggingarþörf og kostnaðargreining á einstökum verkþáttum. Félagið skal tryggja að slík framkvæmda- og fjárfestingaráætlun verði unnin og lögð til grundvallar ákvörðunartöku hjá eigendum.

4. Fjármögnun og gildistími

- 4.1 Á grundvelli þjónustusamnings þessa verður félagið fjármagnað út árið 2025 í samræmi við fyrirliggjandi fimm ára fjárhagsætlun í viðauka. Áætluð heildarskuldbinding vegna reksturs félagsins fyrir árin 2024 og 2025 nemur samtals 26 m.kr.
- 4.2 Eigendur standa undir kostnaði í samræmi við eignahlutföll í félaginu.
- 4.3 Framlagið er greitt með eingreiðslu inn á bankareikning félagsins við undirritun samnings þessa nema KSÍ sem hefur heimild til skuldajöfnunar. Greiðsluupplýsingar félagsins eru eftirfarandi: 0133-26-200607, kt. 6208190500.

5. Vanefndir, vanefndaúrræði og meðferð ágreiningsmála

- 7.1 Efni félagið ekki samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum að mati eigenda eða eftirlitsaðila skal senda félaginu athugasemdir og veita hæfilegan frest til úrbóta eftir atvikum.
- 7.2 Bæti félagið ekki úr vanefndum þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir af hálfu eigenda eða eftirlitsaðila er heimilt með ákvörðun meirihluta eigenda að rifta samningi þessum án frekari aðgerða eða tilkynninga af sinni hálfu. Riftun skal vera skrifleg og send félaginu með sannanlegum hætti.
- 7.3 Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

6. Gildistími og lok samnings

- 8.1 Samningur þessi gildir til 31.12.2025 Samningnum lýkur á umsömdum tíma án uppsagnar nema ákvörðun verður tekin um endurnýjun eða framlengingu hans.
- 8.2 Telji samningsaðilar að forsendur samnings þessa hafi breyst á gildistíma hans geta þeir óskað eftir viðræðum um endurskoðun, hvort sem er einstaka ákvæða eða samningsins í heild, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

Samningur þessi er rafrænt undirritaður. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og staðfesta með undirritun sinni rétt sinn til undirritunar fyrir hönd aðila.

f.h. Þjóðarleikvangs ehf.
Helga Friðriksdóttir, stjórnarformaður

f.h. Reykjavíkurborgar
Þorsteinn Gunnarsson borgarritari

f.h. mennta- og barnamálaráðherra
Hafþór Einarsson skrifstofustjóri

f.h. Knattspyrnusambands Íslands
Þorvaldur Örlygsson, formaður

Viðauki I

Fjárhagsáætlun Þjóðarleikvangs ehf.

Rekstur 2024, Fimm ára áætlun 2025 - 2029	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Tekjur - framlög eigendum	12.000.000	14.000.000	14.380.000	13.500.000	13.840.000	14.190.000
Laun stjórnar	5.770.000	6.060.000	6.320.000	6.580.000	6.850.000	7.130.000
Launat.gj.	1.200.000	1.260.000	1.310.000	1.360.000	1.420.000	1.480.000
Laun og launatengd gjöld	6.970.000	7.320.000	7.630.000	7.940.000	8.270.000	8.610.000
Annar rek. umsýsla FAS	2.270.000	2.340.000	2.400.000	2.460.000	2.520.000	2.580.000
Annar rekstarkostn.	1.000.000	3.000.000	3.080.000	2.000.000	2.050.000	2.100.000
Annar rekstrarkostnaður	3.270.000	5.340.000	5.480.000	4.460.000	4.570.000	4.680.000
Fjármagnsliðir	85.000	85.000	85.000	85.000	85.000	85.000
Hagnaður /tap	1.760.000	1.340.000	1.270.000	1.100.000	1.000.000	900.000

Framlög	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Reykjavíkurborg	6.000.000	7.000.000	7.190.000	6.750.000	6.920.000	7.095.000
Ríkið	5.100.000	5.950.000	6.111.500	5.737.500	5.882.000	6.030.750
KSÍ	900.000	1.050.000	1.078.500	1.012.500	1.038.000	1.064.250
Samtals	12.000.000	14.000.000	14.380.000	13.500.000	13.840.000	14.190.000